

## Tillögur stjórnar að ályktunum.

Aðalfundur Rithöfundasambands Íslands, haldinn í Gunnarshúsi 28. apríl 2025 ályktar:

### Gervigreind

Hagnýting á höfundaréttarvörðum hugverkum til þróunar á gervigreind, án heimildar réttshafa, felur í sér brot á höfundarétti. Rithöfundasambandið skorar á íslensk stjórnvöld að flýta lagasetningu varðandi notkun gervigreindar við gerð hugverka svo að tryggt megi verða að hagnýting á verkum rithöfunda í gervigreindarkerfum eigi sér eingöngu stað með skýru samþykki og gegn sanngjarnri greiðslu.

Rithöfundasambandið skorar jafnframt á opinberar stofnanir sem og einkafyrirtæki að nýta ekki gervigreind við lausn verkefna sem áður hafa verið á verksviði listamanna og höfunda, og taka þannig ekki þátt í atlögu gegn mannlegri sköpun og möguleikum listamanna til að afla sér lífsviðurværis með sköpun sinni.

Rithöfundasamband Íslands fordæmir þá ákvörðun Meta að nýta hugverk, þar á meðal eftir íslenska höfunda, án heimildar, til þróunar á gervigreindarforriti. Slík ráðstöfun á hugverkum er á forræði eigenda höfundaréttar og athafnir sem þessar fela því í sér tilvistarlega aðför að listsköpun og ritstörfum.

Þá fordæmir Rithöfundasambandið jafnframt hugmyndir, svo sem þær sem reifaðar hafa verið í Bretlandi, um að veita tæknifyrirtækjum óheftan aðgang að hugverkum í sambærilegum tilgangi án skýrs samþykkis listamannanna í hverju tilviki.

---

Aðalfundur Rithöfundasambands Íslands, haldinn í Gunnarshúsi 28. apríl 2025 ályktar:

### Storytel

Rithöfundasamband Íslands skorar á Storytel á Íslandi að ganga til samninga við sambandið um rammisamning sem myndi fela í sér sanngjarnt og gagnsætt endurgjald til höfunda af útgáfu hljóðbóka. Þar til slíkir samningar hafa verið gerðir hvetur Rithöfundasambandið félagsmenn til þess að beita sér fyrir því að ný verk verði ekki sett inn á streymisveituna. Án sanngjarnra höfundarréttargreiðslna fær bókmenntalíf ekki þrífist hjá þjóð sem kennir sig á tyllidögum við bókmenntir.

Rithöfundasambandið skorar jafnframt á Storytel á Íslandi að tryggja að gervigreind verði hvorki notuð til þess að skrifa bækur né þýða þær yfir á íslensku.

Rithöfundasambandið minnir Storytel á að fyrirtækið byggir grundvöll sinn á hugverkum rithöfunda og þýðenda, og að bókmenntir og listir verða eingöngu skapaðar af listamönnum en ekki vélum.

---

**Aðalfundur Rithöfundasambands Íslands, haldinn í Gunnarshúsi 28. apríl 2025 ályktar:**

### **Hljóðbókasafnið**

Rithöfundasamband Íslands hvetur Hljóðbókasafnið til að huga vandlega að réttindum höfunda í starfsemi safnsins. Hljóðbókasafnið sinnir mikilvægu hlutverki í að tryggja aðgengi að bókmenntum fyrir einstaklinga með sjón- og lestrarhömlun, en ekki virðist ágreiningur um það að misnotkun á aðgangsréttindum eigi sér stað í nokkrum mæli. Árlegur fjöldi útlána safnsins árið 2024 nam 346.173 eintökum, nánast eitt eintak á hvern landsmann, og þegar útlán eru svo mörg hlýtur að mega draga þá ályktun að fleiri séu að nýta aðgang en eiga lagalega heimild til þess. Ljóst má vera að ólögmæt notkun getur skert tekjumöguleika höfunda verulega á litlum markaði þar sem höfundar eiga mikið undir hefðbundinni bóksölu, sem virðist dragast saman ár frá ári.

Rithöfundasambandið telur einnig brýnt að safnið loki á möguleika á niðurbali hljóðbóka, enda hefur borið á ólögmætri dreifingu slíkra eintaka. Loks minnir Rithöfundasambandið á að hljóðbókasafninu ber að gæta að sæmdarrétti höfunda og ætti því að hafa samráð við höfunda um lesara, eða bjóða höfundum að jafnaði að lesa inn eigin bækur verði því við komið.